

Leikskólinn Sólvellir – rýmingaráætlun

Brunaslöngur eru á tveimur stöðum í húsinu. Í fataherbergi barna og í skáp við hliðina á starfsmannasnyrtingu í starfsmannaálmú.

Slökkvitæki eru þrjú. Tvö eru þeirra eru staðsett hjá brunaslöngunum og það þriðja er á vegg á Dreka/Músa við eldhúshurðina.

Ef brunaviðvörðunarkerfi gefur viðvörðun er unnið eftir eftirfarandi áætlun:

1. Leikskólastjóri eða staðgengill hans fer að stjórnstöflu viðvörðunarkerfis, sem er staðsett í fataherbergi barna, og aðgætir hvaðan brunaboðin koma.
2. Starfsmenn eldhúss taka með sér lykil að Samkomuhúsi, opna og halda inngönguleið opinni fyrir börn og starfsfólk.
3. Allir aðrir starfsmenn hefja rýmingju. Ef ekki er eldur, stöðva hljóðgjafann og láta vita á deildir, í eldhús og í starfsmannaálmú.
4. Leikskólakennarar, þ.e. allir starfsmenn á deildum, undirbúa rýmingu leikskólans og deildarstjóri tekur með sér nafnalista/ipada. Deildarstjórar bera ábyrgð á rýmingju sinnar deildar. Hver starfsmaður tekur með sér börn sem eru á hans svæði og verður hann að vera viss um hvaða börn eru í hans umsjón, t.d. við morgunmat, í samverustund, í vinnuhóp o.s.frv. Þurfi að fara í gegnum hita og reyk á að skríða á gólfinu, þannig að öndunarfæri séu sem næst gólfinu. Ef kostur er er æskilegt að verja höfuðið (öndunarfæri) með blautu handklæði eða öðru líni.
5. Flóttaleiðir skulu vera í tvær gagnstæðar áttir og björgunarop í hverri stofu. Útgönguleiðir ef ekki er hægt að fara í gegnum fataherbergi eru:
Á Drekkadeild og Músadeild: í eldhúsi, starfsmannainngangi og lausafög í gluggum.
Á Bangsadeild: hurð út í garð, taka stól og brjóta næstu rúðu.
Í þvottahúsi: lausafög
Í starfsmannainngangi: um útidyr
Í eldhúsi: út um hurð. Ef leikskólastjóri er ekki til staðar er aðstoðarleikskólastjóri ábyrgur fyrir því að fara með fartölvu/ipad í Samkomuhúsið. Annars er sérkennari ábyrgur fyrir því.

Leikskólastjóri eða staðgengill hans hefur samband við 112, lætur vita hver hringir, hvaðan, tilkynnir um eld eða gefur skýringar á brunaboðinu. **Tekur símann með sér út.**

Starfsfólk rýmir leikskólann og fer með börnin út í Samkomuhús.

Sá sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum leikskólans á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er, hann hjálpar einnig til á Bangsadeild.

6. **Söfnunarsvæði.** Þegar komið er í Samkomuhúsið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. **Deildarstjórar** fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir hafi komist út. Ef einhvernt vantar skal tilkynna **leikskólastjóra eða staðgengli hans þá.**
7. **Leikskólastjóri eða staðgengill** hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi **ekki** skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast.
8. **Slökkvilið kemur á staðinn. Leikskólastjóri eða staðgengill** hans gefur stjórnanda slökkviliðsins upplýsingar hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
9. **Allir taka virkan þátt.** Virkja skal sem flesta starfsmenn leikskólans í hlutverk, t.d. að halda dyrum opnum o.fl.
10. **Láta foreldra vita.** Hafa samband við foreldra/forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburð berist eftir réttum leiðum.
11. **Sálrænn stuðningur. Leikskólastjóri** metur hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Áætlunin skal kynnt starfsfólki á starfsdegi að hausti og endurskoðuð á tveggja ára fresti, næst í ágúst 2019